

Skýrsla formanns 2024

Kæru félagar,

Enn eitt árið liðið og nú stöndum við á þeim tímamótum að okkar ágæta Rithöfundasamband Íslands verður 50 ára eftir nokkra daga, þann 12. maí n.k. Það er sem sagt hálf öld síðan íslenskir höfundar ákváðu að nóg væri komið af innbyrðis deilum um pólitík og liststefnur sem einkenndu menningarlífið áratugina á undan – og eru eiginlega minn uppáhaldstími í íslenski menningarsögu en líka tími sem ég er frekar ánægð með að hafa ekki þurft að lifa og hrærast í. Þessara tímamóta verður minnst með ýmsum hætti í ár en meira um það síðar.

Áður en lengra er haldið er rétt að við minnumst þeirra sem ekki eru lengur á meðal okkar. Frá því við hittumst síðast á aðalfundi hafa sex félagar í Rithöfundasambandinu fallið frá, en þau eru Ísak Harðarson, Björn S. Stefánsson, Erlendur Jónsson, Auður Haralds, Hildur Hermóðsdóttir og Matthías Johannessen sem var heiðursfélagi í sambandinu.

Ég bið ykkur um að rísa úr sætum og minnst þessara fráfallnu félaga okkar með einnar mínútu þögn.

Kærar þakkir.

Síðasta starfsárið hefur stjórnarborðið verið fullskipað á nýjan leik en í stjórn komu ný Sverrir Norland sem meðstjórnandi og Kamilla Einarsdóttir sem varamaður. Við hófum starfsveturinn á vinnudegi stjórnar þar sem við fórum yfir sviðið, kynntum okkur ýmislegt í starfi og sögu RSÍ, greindum ógnanir og tækifæri og síðast en ekki síst kynntumst aðeins betur – eða enn betur eftir atvikum.

Kjarabarátta hefur verið fyrirferðarmikil á síðasta starfsári og hún á sér að nokkru leyti stað innan vébanda Bandalags Íslenskra listamanna þar sem ég sit við stjórnarborðið. Þar er ýmislegt gott að fréttu. Almennt eru samskipti við ráðherra menningarmála mjög góð og væri Lilja ein í ríkisstjórn þá horfði örugglega allt til betri vegar fyrir okkur höfunda og aðra listamenn. Ráðuneytið þykir okkur þó oft heldur svífaseint og máttlaust og enn bolar til að mynda ekkert á því að innleidd verði í íslenska löggjöf svokölluð DSM-tilskipun um höfundarétt sem er afar mikilvæg. Þrjú mál hafa verið hvað mest áberandi en það er þingsályktun um nýja bókmenntastefnu, frumvarp um listamannalaun þar sem lögð er til fjölgun mánaða og nýir úthlutunarflokkar og að lokum er það svo frumvarp um nýja þjóðaróperu sem snertir margar stéttir þó meira en okkur.

Öll þessi mál eru nú nýkomin inn í þingið og þar munum við leggjast á árarar með öðrum listamönnum og reyna að þoka þeim í rétta átt. Í mínum huga skiptir miklu að við látum ekki sérhagsmuni sundra okkar. Það er lenska hér á landi og víðar að tefla saman hópum og láta þá slást til síðasta blóðdrops. Þannig tekst stjórnvöldum oft á tíðum að fresta mikilvægum málum – af því að það er engin samstaða um smáatriði sem litlu skipta í stóru myndinni. Að deila og drottna kunna margir vel en við ætlum ekki að ganga í þær gildrur. Ísland er meðal ríkustu þjóða í heimi og það er nóg til. Fæðingardeildum

verður ekki lokað þótt þjóðarópera verði stofnuð og fjölgun listamannalauna mun ekki hafa nein áhrif á stöðu öryrkja eða flutning flugvallarins úr Vatnsmýrinni. Það er nefnilega nóg til fyrir okkur öll. Við höfum bæði efni á menningu og almennilegu heilbrigðiskerfi og hvoru tveggja er örþjóð úti í ballarhafi lífsnauðsyn.

Hvað varðar listamannalaunin þá var fjölgun mánaða í sjóði rithöfunda hlutfallslega minni en í öðrum sjóðum í framlögðu frumvarpi. Við höfum haft flesta mánuði og svo verður áfram nái frumvarpið fram að ganga. Auk þess hefur árangurshlutfall okkar höfunda verið hærra en hefur verið í öðrum sjóðum en rithöfundar hafa heldur ekki leikhús eða símfónihljómsveitir þar sem hægt er að ráða sig í fasta vinnu og afgangur af skrifunum er lítið og hörfar með minnkandi bóksölu og auknu streymi. Við gerum að sjálfsögðu kröfu um leiðréttingu á þessu og viljum hækka á pari við aðrar greinar og ég vil að mánuðum verði fjölgað frekar en að taka þá af öðrum hópum. Látum ekki etja okkur saman. Rithöfundar og aðrir listamenn rifust innbyrðis lungann úr 20. öldinni. Við ætlum ekki að gera það. Við gerum kröfu á stjórnvöld og aðra viðsemdendur um bætt kjör – það að okkar kjör batni á ekki að verða til þess að kjör myndlistarmanna, einstæðra mæðra eða öryrkja versni. Svo ég segi það einu sinni enn: Það nóg til og listamannalaun eru góð fjárfesting fyrir samfélagið okkar.

Þeir nýju sjóðir sem lagðir eru til eru enn óskrifað blað en sennilega mun eitthvað af okkar fólki geta sótt í nýliðasjóðinn „vegsemd“ eða „virðingu“ sem er fyrir eldri listamenn og alveg örugglega í launasjóð kvikmyndahöfunda. Við verðum að sjá hvernig þetta kemur út, þegar og ef lögin taka gildi.

Og ég héld að ég myndi aldrei segja þetta, og hafði það ekki eftir mér, en ég vona að þessi guðsvolaða ríkisstjórn haldi þangað til að þingið er búið að samþykkja þessi mál.

Félagsstarf má ekki bara vera strögl, það þarf líka að vera gaman og það er það sem betur fer oftast en þetta vor verður sérstaklega skemmtilegt, vona ég, því RSÍ er hvorki meira né minna en hálfra aldar gamalt. Haldið verður upp á þau tímamót á afmælisdaginn þann 12. maí n.k. með hátíðarkvöldverði í Iðnó þar sem ráðherra menningarmála verður sérstakur heiðursgestur og ég vona að ég sjái ykkur flest.

Afmælisnefnd hefur starfað í vetur. Hana skipum við Ragnar Jónasson, Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson en auk þess hefur starfsfólk RSÍ starfað með nefndinni. Við höfum verið að líta yfir farinn veg og tína til ýmislegt úr handraðanum. Sumt af því mun rata inn á samfélagsmiðla sambandsins á næstu vikum og mánuðum. Annað mun vonandi rata fyrir sjónir áhorfenda ríkissjónvarpsins en við höfum verið í viðræðum um stutt innsög um bókmenningu í víðum skilningi í tilefni að afmælinu. Þetta efni mun vonandi birtast þegar líður á árið en síðast í gær áttum við fund með dagskrárgerðarfólki í Efstaleitinu. Við höfum einnig dustað rykið af ýmsu sem gert hefur verið í gegnum tíðina. Eitt af því var vika bókarinnar sem haldin var hátíðleg í kringum alþjóðlegan dag bókarinnar og Félag íslenskra bókaútfendur stóð fyrir. Við viðruðum þá hugmynd við FÍBÚT að endurvekja það fyrirbrigði. Það varð ekki úr enda þótti apríl ekki góður mánuður – of fáar bækur komnar út, bókamarkaður í Laugardal

nýbúinn, auk þess sem dagur bókarinnar féll oft saman við páska eða sumardaginn fyrsta. En samtalið var gott og gjöfult eins og samtöl eiga að vera og stjórn FÍBÚT samþykkti að ráðast í þriggja ára tilraunaverkefni um „Sumarviku bókarinnar“ sem haldin verður fyrstu vikuna í júní. Aðrir afmælisviðburðir standa einnig til, svo sem rithöfundapening í haust og glæný nýliðaverðlaun sem veitt verða annað hvert ár tengd Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins. Stórum áföngum ber að fagna en við munum líka nota tækifærið til að minna á okkur, okkar kjarabaráttu sem aldrei lýkur og fara yfir það sem áunnist hefur á síðustu 50 árum. Það er nefnilega hellingur.

Starf mitt síðastliðið ár hefur að miklu leyti snúist um allskonar samskipti. Við eigum í góðu samstarfi á vettvangi BÍL við félag okkar í öðrum samtökum listamanna. Það hefur verið ánægjulegt og lærdómsríkt. Þá hafa samskipti okkar við FÍBÚT stórbatnað og það munar miklu að geta tekið upp tólið og rætt atriði sem kynnu að valda ágreiningi eða misskilningi og leyst málin áður en allt fer í hund og kött. Okkur hefur þó ekki tekist að klára að semja um þýðingar en þar er staðan líka sú að vísitölutenging í samningunum hefur valdið því að taxtar hafa hækkað umfram almenn laun síðustu tvö ár og við metið það svo að nú sé ekki rétti tíminn til að rugga þeim bát. Hins vegar eru þar atriði sem verður að klára fyrir en síðar, svo sem að semja um notkun í streymi. Við höfum líka viljað ræða um takmarkanir á því hvenær má setja nýjar íslenskar bækur inn á streymisveitur – eða streymisveituna Storytel, því sá risi er því næst einráður á markaði. Hugsanlega mun ný bókmenntastefna gagnast okkur í þeirri rimmu. Þá er algjörlega nauðsynlegt, fyrir höfunda en ekki síður útgefendur, að setja ákvæði í alla samninga um gervigreind og hvort og þá hvernig heimilt sé að nota hana. Við höfum einnig talað við og reynt að byggja upp tengsl og talsamband við fleiri, t.d. forsvarsmenn Pennans Eymundsson, Storytel, RÚV og svo einhver séu nefnd.

Samningaviðræður við RÚV hafa legið ofan í skúffu í sex ár, eins ótrúlega og það hljómar en nú er vonandi að komast skriður á þau mál með nýrri nálgun sem tekur mið af breyttum heimi. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá er útvarpsagan – sem kannski var eitt öflugasta kynningartæki höfunda á 20. öldinni og fól auk þess í sér góðar aukatekjur – steindauð og verður ekki lífuguð við í fyrirsjáanlegri framtíð. Samningaviðræður nú, sem eru á frumstigi en lofa góðu, miðast við að gera bókmenntir sýnilegri á ný í útvarpi og ýta undir nýsköpun á því sviði.

Tungumálið okkar er dýrmætt og til að halda því lifandi þurfum við að hugsa og skrifa á íslensku. Á meðan norska er skilgreind sem örtungumál í útrýmingarhættu voru markaðslögmálin látin ráða örlögum íslenskunnar. Hún átti bara að spjara sig í samkeppni við ótakmarkað afþreyingarefni á ensku í samfélagi þar sem sífellt fleiri íbúar hafa annað móðurmál en íslensku. Nú loksins eru augu ráðamanna að opnast fyrir því að íslenskan þarf verulegan opinberan stuðning ef hún á að lifa og þar skipta bækur öllu máli. Mikið fé hefur verið lagt í að forða tungunni frá stafrænum dauða en hvers virði er það að geta talað íslensku við heimilistækin sín ef börnin okkar skilja ekki hvað átt er við með „auðri síðu“ eins og einn félagi okkar upplifði í skólaheimsókn um daginn. Um leið og ég gleðst yfir því að aukið fjármagn sé lagt til bókmennta og gerðar stefnum og áætlanir um bókmenningu þá óttast ég að stjórnvöld séu enn eina ferðina of sein til leiks og að skaðinn sé skeður. Ég vona samt ekki.

En aftur að félagsstarfinu.

Við höldum nokkra félagsfundu á árinu. Haldinn var félagsfundur um streymisveitur í september sem og fræðslufundur um umsóknir í launasjóð listamanna og fundur um gervigreind og mállíkön í október. Í aðdraganda jóla var húsið fullt af ýmsum bókatengdum viðburðum en við gáfum okkur einnig tíma til að gleðjast í árlegu jólaboði. Fyrir það hrintum við í framkvæmd hugmynd frá félagsmanni um sérstakt boð fyrir nýja félagsmenn og mættu vel á annan tug nýrra félagsmanna sem fengu hér forskot á jólaboðssæluna, leiðsögn um húsið og örfyrirlestra um hitt og þetta. Loks höldum við félagsfund um lagabreytingar nú í apríl.

Rithöfundar heimsóttu grunnskólanema um land allt með verkefnið Skáld í skólum nú í haust. Mikil ánægja hefur verið með þær metnaðarfullu bókmenntadagskrár sem höfundarnir stóðu fyrir að þessu sinni.

Á síðasta aðalfundi BHM var aðild RSÍ samþykkt og geta félagar í RSÍ nú greitt þar aðildargjöld og sótt um í sjúkrasjóði og fleira sem þykir sjálfsagt á hinum almenna vinnumarkaði en okkar fólk hefur ekki átt kost á. Fjölmarginir félagsmenn hafa nýtt sér þetta, þar á meðal ég sjálf. Hins vegar hefur það komið á daginn að mikið af því góða starfi sem fram fer á vettvangi BHM snertir okkur lítið en því fylgir töluverð vinna fyrir formann og framkvæmdastjóra. Við erum því að skoða að færa aðild okkar fólks inn í Visku, sem er nýstofnað stéttarfélag innan BHM en á gömlum grunni Fræðagarðs og fleiri félaga. Það myndi engu breyta fyrir okkar félagsfólk sem myndi halda sínum réttindum en losa okkur Ragnheiði undan skriffinnskufjalli. Við viljum hins vegar ekki ana að neinu og gefum þessu tóm og tíma. Og fyrir ykkur sem eruð enn að hugsa málið – drífið í að skrá ykkur til að tryggja réttindi ykkar og öryggi.

Lögfræðiaðstoð við höfunda er sífellt stærri og mikilvægari hluti af okkar starfsemi og það er frekar skítt að þess þurfi. Hver félagsmaður á rétt á fjórum lögfræðitímum vegna hvers máls. Það er einkum á sviði samninga vegna sjónvarpsþátta og kvikmynda sem virkilega reynir á og það er hörmulegt að heyra af málum ungra höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref á því sviði og eiga ekki enn rétt á félagsaðild stíga beint inn í gyn ljónsins. Þegar ég heyri af slíku þá er mér ekki efst í huga að herða inntökuskilyrði í RSÍ. Mér finnst jafnvel spurning hvort hver sem er ætti ekki að geta skráð sig og öðlast aðild með því að greiða félagsgjöldin. Það er ömurlagt að vita af því að ungt fólk að hefja sinn feril og fóta sig í flókinni samningagerð er beinlínis gleypst með húð og hári og starfa jafnvel aldrei aftur í greininni eftir að hafa brennt sig illilega. Auðvitað geta allir leitað ráðgjafar hjá RSÍ óháð félagsaðild en við getum ekki komið öðrum en félagsfólki að verulegu liði, svo sem með rándýrri lögfræðiaðstoð.

Rithöfundasambandið tekur þátt í ýmisskonar erlendu samstarfi. Snemmsumars í fyrra sóttum við og framkvæmdastjórinn bæði þing norrænna höfunda í Helsinki og evrópsku höfundasamtakanna í Berlín. Gervigreind var mál málanna og einnig á fundi alþjóðlegu höfundasamtakanna sem við sóttum í New York nú í byrjun apríl. Það er afar athyglisvert að ræða þessi mál og ýmislegt annað sem snýr að höfundarétti og stöðu þeirra sem skrifa og skapa. Margt má læra af því sem vel er gert annars staðar en þau eru líka mörg vítin sem þarf að varast. Og forréttindi okkar í þessum heimshluta eru mikil. Það sjáum við vel í samanburði við við stöðuna í öðrum heimsálfum þar sem höfundaréttur er

jafnvel ekki sjálfsgæður hlutur í t.d. Bandaríkjunum. Og það er erfitt að kvarta yfir eigin kjörum eftir að hafa hlustað á framsögu höfundasamtaka frá Afríkulöndum sem binda vonir við gervigreind – þá fá þau mögulega fleiri bækur til að nota í skólastarfi.

Samstarf hér innanlands er líka mikið og magnað. RSÍ hefur til að mynda tekið þátt í árlegri ráðstefnu um barnabókmenntir sem kennd er við Gerðuberg árum saman og svo var einnig nú. Þá eigum við ávallt fulltrúa í stjórn alþjóðlegu barnabókahátíðarinnar Mýrarinnar sem haldin er annað hvert ár, nú síðast í haust. Þá hélt samstarf okkar við Gunnarsstofnun um verkefni með Slóvakíu og Noregi sem nefnist Epic Residencies áfram, þar sem slóvakískir höfundar koma til Íslands og Noregs og dvelja þar við störf og íslenskir og norskir fara til Slóvakíu. Í tengslum við þetta verkefni voru annað árið í röð haldinn viðburðir hér í Gunnarshúsi nýlega sem og í netheimum, fyrir þýðendur og erlenda höfunda hér á landi. Var viðburðurinn enn betur sóttur en í fyrra ánægjan enn meiri og er þá mikið sagt. Þetta samstarf fellur vel að áherslum fráfarandi stjórnar um að bjóða höfunda og þýðendur af erlendum uppruna velkomna hingað í okkar samfélag höfunda. Við viljum og þurfum fleiri raddir í okkar oft einsleita þjóðfélag. Þá hefur RSÍ einnig verið í samstarfi um residensíu í La Rochelle í Frakklandi, sent þangað höfunda og tekið á móti öðrum í staðinn.

RSÍ er aðili að þýðendaverðlaununum en sjö bækur voru tilnefndar í desember. Verðlaunin voru svo veitt Jóni Erlendssyni að Gljúfrasteini snemma í vor fyrir þýðingu sína á Paradísarmissi. Ljóðaverðlaunin Maístjarnan er samstafsverkefni RSÍ og Landsbókasafns – Háskólabókasafns og verður afhent nú í maí en tilnefningar voru kynntar hér í húsinu á dögnum. Þá tekur RSÍ þátt í að veita viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins og skipar fólk í dómnefndir víðar, t.d. barnabókaverðlauna Reykjavíkur. Auk þess eigum við fulltrúa í allskonar starfshópum og sendur fólk í umræður og pallborð, núna síðast s.l. föstudag í Eddu þar sem framtíð þýðinga var rædd.

Að lokum þá hefur stjórn RSÍ falið mér að flytja skýrslu stjórnar um eftirlit með rétthafagreiðslum. Það eftirlit fól stjórn mér að sinna og því tel ég mig hafa sinnt og get ekki séð neina annmarka á framkvæmd greiðslanna eða á bókhaldi þeim tengdum. Samkvæmt lögum um sameiginlegar umsýslustofnanir, eins og RSÍ telst vera, þá ber okkur að flytja ykkur þessi tíðindi hér á aðalfundi og hefur það nú verið gjört.

Ég þakka fyrir mig.

